

Alþingi  
v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2018  
Tilvísun: 2018040021

**Efni: Frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki (endurbótaáætlun, tímanleg inngrip, eftirlit á samstæðugrunni o.fl.), 422. mál.**


Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubrúfs nefndarsviðs Alþingis, dags. 12. apríl 2018, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (endurbótaáætlun, tímanleg inngrip, eftirlit á samstæðugrunni o.fl.), 422. mál.

Fjármálaeftirlitið kom að samningu frumvarpsins og styður framgang þess en vill koma eftirfarandi á framfæri.

Í e. lið 5. gr. frumvarpsins er fjallað um einfalda endurbótaáætlun og segir í loka lið ákvæðisins: *Ráðherra setur reglugerð um einfaldar endurbótaáætlanir og skal í reglugerðinni m.a. kveðið nánar á um skilyrði fyrir einfaldri endurbótaáætlun skv. 1. mgr.* Fjármálaeftirlitið leggur til að orðalagið verði: *Ráðherra setur reglugerð um einfaldar endurbótaáætlanir og skal í reglugerðinni m.a. kveðið nánar á um viðmið fyrir einfaldri endurbótaáætlun skv. 1. mgr.* Reglugerð sú sem vísað er til mun byggja á reglugerð Evrópusambandsins, sem enn eru drög. Þar er fjallað um viðmið sem eftirlitsaðilar geta haft til hliðsjónar við ákvörðun um hvaða aðilar geti skilað einfaldri endurbótaáætlun. Þessi viðmið byggja þó alltaf á þeim skilyrðum sem fram koma í ákvæðinu sjálfu, þ.e. að rekstrarerfiðleikar lánastofnunar eða verðbréfafyrirtækis og eftir atvikum slitameðferð fyrirtækjanna hafi ekki í för með sér verulega neikvæð áhrif á fjármálakerfið, aðrar lánastofnanir eða verðbréfafyrirtæki, miðlun fjármagns í fjármálakerfinu eða hagkerfið. Fjármálaeftirlitið leggur því til að orðinu skilyrði verði breytt í viðmið.

Fyrir liggur að innleiðing á ákvæðum tilskipunar 2013/36/ESB er varða samstæðueftirlit er ekki lokið hér á landi. Fjármálaeftirlitið gerir því að svo stöddu ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins er fjalla um samstæðueftirlit og hefur komið því á framfæri við fjármála- og efnahagsráðuneytið að nauðsynlegt sé að ljúka þeirri vinnu sem fyrst.

Virðingarfyllst,  
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Anna Mjöll Karlsdóttir

  
Linda Kolbrún Björgvinsdóttir